



Skipulags- og byggingarnefnd

FUNDUR - 12. janúar 2005

Fundur haldinn í skipulags- og byggingarnefnd Blönduóssbæjar miðvikudaginn 12. janúar, 2005 kl. 17,30 í félagsheimilinu.

Guðmundur Ingbórsson, formaður setti fundinn og stjórnaði honum. Þórdís Erla Björnsdóttir ritaði fundargerð.

Mæting samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá:

1. Erindi: Húsfélagið Húnabraut 13, Blönduósi óskar eftir staðfestingu byggingarnefndar á reyndarteikningum af húsinu gerðum af Verkfræðistofunni Stoð ehf. Sauðárkróki.

Afgreiðsla: Erindi samþykkt.

2. Erindi: Sölufélag Austur Húnvetninga sækir um leyfi fyrir skjólvegg á lóð sinni Húnabraut 39, Blönduósi.

Afgreiðsla: Erindi samþykkt.

3. Erindi: Krákur ehf. sækir um leyfi til að setja niður þrjá 40 feta gáma og einn 20 feta gám á lóð Húnakaupa hf., aftan við verslun Kráks ehf. Húnabraut 4, Blönduósi.

Afgreiðsla: Nefndin samþykkir erindið til bráðabirgða í 6 mánuði.

4. Sölufélag Austur Húnvetninga sækir um leyfi til að setja upp 6000 lítra tank fyrir fljótandi súrefni á lóð Húnabrautar 39, Blönduósi.

Afgreiðsla: Nefndi samþykkir erindið og felur byggingafulltrúa og slökkviliðsstjóra að staðsetja tankinn og sjá um að frágangur sé í lagi.

5. Önnur mál.

- a. Erindi: Jónas Skaftason sækir um leyfi fyrir 4 smáhýsum á lóðinni að Blöndubýggð 9, Blönduósi.

Afgreiðsla: Jónas Skaftason hefur sótt um að byggja 4 smáhýsi 13 m² á lóðinni Blöndubýggð 9, samanber bréf dagsett 28. október 2004. Bygginga- og skipulagsnefnd hefur kynnt sér hugmyndir Jónasar eins og frekast er unnt og gerður hefur verið skipulagsuppdráttur með tilliti til umsóknar Jónasar. Til að málið nái fram að ganga þarf að liggja fyrir álit Brunamálastofnunar um framkvæmdina svo og þarf að fara fram grenndarkynning svo breyting á aðal- og deiliskipulagi geti átt sér stað. Ennfremur þarf umsækjandi að leggja fram ítarlegri teikningar af smáhýsunum. Skipulags- og byggingarnefnd leggur til að í



upphafi skuli fá fram umsögn Brunamálastofnunar áður en lagt er í frekari vinnu varðandi umsókn þessa.

Fleira ekki gert, fundargerð upplesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 18,50.

Andrés Leifsson
Jakob Þór Guðmundsson
Guðmundur Ingbórsson
Rolf Árnason

Gauti Jónsson
Jón Sigurðsson
Þórdís Erla Björnsdóttir